

Fimmtudaginn 9. desember 1993.

Nr. 45/1992. **Dómsmálaráðherra og fjármálaráðherra
f. h. ríkissjóðs**

(Sigrún Guðmundsdóttir hrl.)

gegn

Sveini Péturssyni

(Arnmundur Backman hrl.).

Lögreglumenn. Skaðabætur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. janúar 1992. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara, að til-dæmdar fjárhæðir verði verulega lækkaðar og málskostnaður látinn niður falla.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Engar skýrslur voru teknar fyrir héraðsdómi í máli þessu, og verður því um málavexti að styðjast við skýrslur lögreglu og önnur fram lögð skjöl. Af þessum heimildum er í ljós leitt, að við dansleik í félagsheimilinu að Hlöðum á Hvalfjarðarströnd 4. júní 1988 voru fjórir lögreglumenn við löggæslustörf. Þeir voru auk stefnda Ásgeir Rafnsson, Jón Halldórsson og Þórður Þórðarson, sem taldist yfirmaður á vettvangi. Löggæslustörfin fólust í því að halda uppi góðri reglu á staðnum og koma í veg fyrir óspektir. Dyraverðir gættu þess, að unglingar undir lögaldri, 16 ára, kæmust ekki inn á dansleikinn. Fjórtán ára stúlka, sem var til sumardvalar á bæ í Skilmannahreppi, reyndi með klækjum að kaupa sig inn á dansleikinn, en dyraverðir báðu lögreglumennina að fjarlægja hana úr anddyrinu. Það gerði Þórður Þórðarson og færði hana í lögreglubifreið, sem var við félagsheimilið. Kannaðist hann við, að stúlka þessi hefði sumarið áður, þá 13 ára gömul, reynt að komast inn á dansleik. Kunningi stúlkunnar tók að sér að aka henni heim í bifreið sinni.

Ekki leið á löngu, þar til lögreglumennirnir sáu, hvar stúlkann var aftur kominn á tröppur við inngang hússins og var enn að reyna

innngöngu. Var það um kl. 2.05 um nóttina. Lögreglumennirnir sátu þá inni í bifreiðinni, en stefndi og Ásgeir Rafnsson fóru út úr bifreiðinni til þess að hafa afskipti af stúlkunni. Fór Ásgeir norður fyrir húsið, en stefndi suður fyrir. Þegar stúlkan varð þeirra vör, hljóp hún frá húsinu til austurs í átt að veginum yfir Dragháls og stefndi á eftir henni. Tveim árum síðar gaf stefndi um þetta skýrslu hjá lögreglu og sagði þá:

„Ég veitti stúlkunni eftirför og þurfti á leiðinni að stökkva yfir girðingu, og þegar ég lenti, sneri ég mig um ökkla. Ég náði stúlkunni, og skömmu síðar kom Ásgeir Rafnsson á vettvang. Verkurinn í fætinum ágerðist, og ég þurfti að fara þessa 4-500 metra til baka með hvildum.“

Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti var upplýst, að girðing þessi er á mörkum lands félagsheimilisins, í u. þ. b. 500 metra fjarlægð frá því.

Þegar þessi atburðarás er virt, en um hana er ekki ágreiningur, verður að telja, að eftirför stefnda hafi verið með öllu tilefnislaus. Starf stefnda var bundið við löggæslu á staðnum. Stúlkunni átti að meina innngöngu á dansleikinn, en ekki var ástæða til að hafa afskipti af henni að öðru leyti, þar sem hún hafði ekkert annað til saka unnið. Eftirför stefnda, allt að 500 metra vegalengd, hlýtur að teljast handtökuaðgerð, sem hvorki var ástæða né heimild til þess að beita við þær aðstæður, sem þarna voru.

Í lagaákvæði því, sem stefndi byggir kröfur sínar á og rakið er í héraðsdómi, felst hlutlæg bótaregla. Bótaskyldan takmarkast þó af því, að lögreglumaður verði fyrir meiðslum og tjóni vegna starfs síns. Þegar lögreglumaður fer langt út fyrir eðlilegar starfsskyldur sínar og ekkert réttlætir það, eins og hér gerðist, verður ríkissjóði ekki á grundvelli nefndrar bótareglu gerð fébótaábyrgð á tjóni hans af völdum slíkrar háttsemi.

Ber því að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, dómsmálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnda, Sveins Péturssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

Haralds Henryssonar hæstaréttardómara.

Stefndi var að störfum sem lögreglumaður kvöld það, er hann hlaut þau meiðsl, sem mál þetta er sprottið af. Löggæslustörfin fólust meðal annars í því að gæta þess, að virt væru aldurstakmörk á dansleik, sem haldinn var í félagsheimilinu að Hlöðum. Samkvæmt skýrslu Þórðar Þórðarsonar, sem var yfirmaður lögreglumanna á vettvangi, hafði þeim sérstaklega verið uppálagt að sinna þessum þætti. Sú ákvörðun stefnda að elta uppi fjórtán ára stúlku, sem tvisvar reyndi að komast inn á dansleikinn þrátt fyrir bann og afskipti lögreglumanna, er umdeilanleg. Hér var um augnabliks-ákvörðun að ræða, og ber að hafa í huga, að lögreglumenn verða iðulega að taka slíkar ákvarðanir í störfum sínum eðli þeirra samkvæmt. Ég tel, að fallast beri á það með héraðsdómara, að stefndi hafi ekki, eins og hér stóð á, farið svo út fyrir starfs-skyldur sínar, að hann hafi fyrirgert bótarétti á hendur ríkissjóði samkvæmt hinni hlutlægu bótareglu 2. mgr. 5. gr. laga nr. 56/1972 um lögreglumenn. Er ég því samþykkur niðurstöðu héraðsdóms um bótaskyldu áfrýjanda. Þar sem meiri hluti dómenda hefur komist að þeirri niðurstöðu, að sýkna beri áfrýjanda í málinu, er ekki ástæða til þess, að ég fjalli sérstaklega um bótakröfur stefnda og málskostnað.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. desember 1991.

Ár 1991, mánudaginn 30. desember, er lagður svohljóðandi dómur á málið nr. 4507/1991: Sveinn Pétursson gegn dómismálaráðherra f. h. dómismálaráðuneytisins og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, á bæjarþingi Reykjavíkur.

Mál þetta, sem var dómtekið 25. nóvember 1991, hefur Sveinn Pétursson héraðslögreglumaður, Þórðargötu 8, Borgarnesi, höfðað fyrir dómnum á hendur dómismálaráðherra f. h. dómismálaráðuneytisins og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta, vaxta og málskostnaðar vegna slyss, sem hann varð fyrir 4. júní 1988.

Stefnandi var við löggæslu við félagsheimilið að Hlöðum á Hvalfjarðarströnd vegna dansleiks, sem þar var haldinn, er hann sneri sig um vinstri ökkla við að stökkva yfir girðingu. Hann gekkst undir skurðaðgerð vegna liðbandaslits 6. júní 1988 og var frá vinnu vegna meiðsla til 10. september

1988. Á því tímabili voru honum greiddar samtals 169.265 kr. í laun úr ríkissjóði og í sjúkradagpeninga frá Tryggingastofnun ríkisins.

Stefnandi krefst greiðslu 402.062 kr. með dráttarvöxtum [...] og málskostnaðar [...].

Stefnandi sundurliðar kröfu sína þannig: [...].

Stefnukrafan styðst við 4. mgr. 5. gr. 1. nr. 56/1972. Stefnandi er ekki virðisaukaskattsskyldur.

Stefndu krefjast aðallega sýknu og málskostnaðar með dráttarvöxtum frá 15. degi eftir dómsuppsögu, en til vara lækkunar á stefnukröfum og að málskostnaður verði felldur niður.

Af hálfu stefndu er því fram haldið, að eftirför stefnanda hafi verið með öllu tilefnislaus. Stúlkan hafi mátt vera á svæðinu og með öllu óþarfi að elta hana út um holt og hæðir og yfir girðingu. Stefnandi hafi átt að hindra, að unglingar undir aldri væru inni á dansleiknum. Stefnandi eigi því sjálfur alla sök á meiðslum sínum. Ákvæði 5. gr. laga nr. 56/1972 geti ekki átt við.

Í annan stað er við það miðað, að alveg sé ósannað, að um einhverja kröfu sé í raun að ræða. Samkvæmt lögum nr. 19/1979 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla hafi stefnandi átt að fá greidd laun frá aðalvinnuveitanda sínum fyrir tímabilið 6. 6. 1988 — 10. 9. 1988. Stefnandi hafi verið í fullu starfi hjá Pétri Júlíussyni launatímabilið 2. 5. 1988 — 3. 6. 1988 samkvæmt fram lögðu vottorði. Dráttarvöxtum og upphafstíma vaxta er sérstaklega mótmælt með tilvísun til 7. gr. og 15. gr. laga nr. 25/1987.

Aðdragandi slyssins var með þeim hætti, að lögreglumönnum, sem voru við löggæslu fyrir utan félagsheimilið, bárust upplýsingar um, að fjórtán ára stúlka hefði reynt að kaupa sig inn á dansleikinn. Þeir fengu mann, sem var í fylgd með stúlkunni, til að fylgja henni heim á bæ, þar sem hún var til sumardvalar. Síðar um kvöldið varð stúlkunnar aftur vart við félagsheimilið, og enn var hún að reyna að komast inn. Þegar stefnandi hugðist hafa afskipti af stúlkunni, tók hún á rás og hann á eftir. Hún stökk yfir girðingu og hann á eftir með þeim afleiðingum, sem áður er lýst.

Samkvæmt 31. gr. lögreglusamþykktar nr. 550/1980 fyrir Borgarfjarðarsýslu og 4. mgr. 44. gr. rglg. nr. 105/1970 er unglingum innan sextán ára aldurs almennt óheimill aðgangur og dvöl á almennum dansleikjum eftir kl. 20.00. Ákvæði 2. mgr. 44. gr. rglg. nr. 105/1970 um útivist unglinga undir fimmtán ára aldri á almannaþæri á kvöldin á hins vegar aðeins við í þéttbýli.

Alkunna er, að unglingar sækjast mjög eftir dansskemmtunum, og hefst sá áhugi ekki við ákveðið aldursmark. Ef meina á unglingum aðgang að dansleikjum og halda því banni uppi með virkum hætti, er þörf á strangri löggæslu. Frá vissu sjónarmiði má telja fáránlegt að meina ungu fólki

aðgang að skemmtunum, sem einkum höfða til þess, og unglingar, sem virða slík bönn að vettugi, þurfa ekki að vera ólöghlýðnir að öðru leyti. Störf lögreglu við að halda uppi reglum við þessar aðstæður hljóta að mótast af viðfangsefninu og kunna að þykja fáránleg frá vissu sjónarmiði, þótt ekki sé við löggæslumenn að sakast og þeir geri ekki annað en skyldu sína. Þótt á það yrði fallist, að þarflítið hafi verið að elta stúlkuna „út um holt og hæðir“, þykir stefnandi ekki hafa farið þannig út fyrir starfskyldur sínar, að hann hafi fyrirgert bótarétti samkvæmt 4. mgr. 5. gr. laga nr. 56/1972, sem leggur ríka bótaskyldu á ríkissjóð og hljóðar svo, eins og henni hefur verið breytt með 2. gr. laga nr. 64//1989:

Ríkissjóður skal bæta lögreglumönnum meidsli og tjón, sem þeir verða fyrir vegna starfs síns.

Þá þykir ekki hafa verið sýnt fram á, að stefnandi eigi þá sök á tjóni sínu sjálfur, að bætur til hans eigi að skerðast af þeim ástæðum. Strangar kröfur í því efni gætu leitt til þess, að bótaákvæðið næði ekki tilgangi sínum, og til sérhlífni við aðstæður, þar sem þörf er á kjarki og snarræði.

Lögreglustarfið er aukastarf stefnanda. Áætlun um tekjur af því starfi á þeim tíma, sem hann var óvinnufær, hafa ekki sætt ágreiningi. Stefnandi hafði verið að vinna hjá föður sínum við bifreiðaakstur fyrir 116.220 kr. á mánuði, þegar hann varð fyrir slysinu. Þegar litið er til þess og annarra upplýsinga um tekjur stefnanda fyrir og eftir slysið, þykir tjón hans vegna tekjumissis af aðalstarfi ekki ofætlað.

Ákvæði 5. gr. laga nr. 19/1979 þykja ekki skipta máli fyrir niðurstöðu málsins, en samkvæmt henni þykja stefndu eiga að greiða stefnanda höfuðstól dómkröfu auk vaxta og kostnaðar, þar með talins kostnaðar vegna virðisaukaskatts. Greiðslur úr ríkissjóði og frá Tryggingastofnun ríkisins komi til frádráttar höfuðstól.

Vextir ákveðast skaðabótavextir samkvæmt 7. gr. laga nr. 25/1987 frá 10. september 1988 til 30. desember 1991, en frá þeim degi til greiðsludags reiknast skv. 15. gr. vaxtalaga dráttarvextir af tildæmdri fjárhæð skv. III. kafla s. 1., þar með taldir vaxtavextir skv. 12. gr.

Steingrímur Gautur Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Nokkur dráttur hefur orðið á dómsuppsögu vegna embættisanna við lok árs.

D ó m s o r ð:

Stefndu, dómsmálaráðherra f. h. dómsmálaráðuneytis og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Sveini Péturssyni, 232.797 kr. með vöxtum skv. 7. gr. laga nr. 25/1987 frá 10. september 1988 til 30. desember 1991, en með dráttarvöxtum skv. 10. gr., sbr. 12. gr., frá þeim degi til greiðsludags og 100.000 kr. í málskostnað auk sömu dráttarvaxta frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.